

# Minnisblað

Til: Fræðslunefnd  
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir  
Dags. 12. september 2022  
Mnr. 2022040041



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Minnisblað - fjölgun leikskólapláss á Ísafirði og íbúapróun

Um komandi áramót verður staðan þannig að öll leikskólapláss á Ísafirði verða fullnýtt og mun því ekki verða hægt að taka inn ný börn fyrr en eftir sumarlokun leikskólanna 2023. Haustið 2023 byrjar stór árgangur á 5 ára deildinni Tanga og kom tillaga frá deildarstjóra Tanga um að komið yrði fyrir svokölluðu skógarhúsi, til að bregðast við plássleysi á Tanga. Fræðslunefnd og bæjarráð hafa tekið vel í erindið og var bærarstjóra falið að vinna málið áfram. Þessi staða hefur komið upp áður, að árgangar sem koma á Tanga eru of stórir og þarf Ísafjarðarbær því að vera viðbúin að sú staða komi upp á ný. Það sem er óvenjulegt við stöðuna sem nú er komin upp er að leikskólarnir á Ísafirði eru fullir, þrátt fyrir stækkun á Eyrarskjóli sem lauk árið 2021. Má þó áætla að það létti aðeins á skólahúsnæði Sólborgar á Torfnesi og Eyrarskjóli þegar þessi stóri árgangur 2018 fer yfir á Tanga, en þá er spurning hversu lengi sú staða varir.

Ísafjarðarbær getur státað sig af því að börnum er í flestum tilfellum boðið leikskólapláss um 12-13 mánaða aldur og í síðasta lagi um 18 mánaða aldur. Til að geta haldið þessari stefnu um komandi ár er mikilvægt að átta sig á hvernig íbúapróun í sveitarfélaginu muni verða. Þannig er hægt að horfa til framtíðar og hefja undirbúning. Er því mikilvægt að fá í hendurnar spá um þróun íbúa í sveitarfélaginu, sérstaklega börn á leik- og grunnskólaaldri. Fagaðilar eins og t.d. verkfræðistofur, taka slíka vinnu að sér og má áætla að hún kosti u.þ.b. kr.200.000.

**Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs leggur til við fræðslunefnd að gerð verði spá um þróun íbúa í Ísafjarðarbæ og verði þá sérstaklega horft til barna á leiks- og grunnskólaaldri.**